

Reykjavík, 27. febrúar 2017

Mættir: Jón Hjaltason, Björn Valdimarsson, Elsa María Guðmundsdóttir (í gegnum Skype og svo síma) Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir, Bryndís Sigurðardóttir og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Jón Hjaltason, fráfarandi formaður dómara nefndar, kynnir Bryndísi Sigurðardóttur, sunddómara, sem nýjan meðlim nefndarinnar. Hún kemur inn í nefndina í hans stað.
3. Sagt er frá því að til standi að halda yfirdómaranámskeið á haustmánuðum. Áætlað er að bjóða þremur til fimm sunddómurum þátttöku í námskeiðinu.
4. Atvik vegna foreldris sundmanns sem tók þátt í Gullmóti KR rætt. Ákveðið að dómara nefndin taki ekki afstöðu til atviksins, enda er það í farvegi hjá aganefnd SSÍ. Í þessu tilliti voru þó rifjuð upp ummæli erlends yfirdómara sem var með námskeið hér á landi fyrir nokkrum árum. Hann ræddi sérstaklega að þegar foreldri gengur of langt á sundlaugarbakkanum á sundmóti er yfirdómara heimilt að vísa því úr húsi.
5. Jón Hjaltason þakkar formlega fyrir samstarfið í dómara nefndinni síðastliðin ár. Björn Valdimarsson, varaformaður hennar, tekur við formennsku í nefndinni þar til stjórn SSÍ hefur samþykkt neðangreindan lista sem er tillaga að nýrri dómara nefnd. Þá er það einnig nýrrar stjórnar að skipa formann dómara nefndar.
6. Sagt er frá málþingi sem haldið var á vegum SSÍ um liðna helgi. Umræður voru gagnlegar og niðurstöður verða kynntar á Sundþingi 24. - 25. mars næst komandi.
7. Almennt sunddómaranámskeið verður haldið 3. mars 2017, fyrir Sundmót Fjölnis.
8. Tillaga að einstaklingum í nýrri dómara nefnd rædd og samþykkt með fyrirvara. Listinn verður lagður fyrir komandi Sundþing. Þar þarf að samþykkja hann. Tillaga að nýrri dómara nefnd er eftirfarandi:
 - Björn Valdimarsson
 - Bryndís Sigurðardóttir
 - Hilmar Theodór Björgvinsson
 - Ingibjörg Ýr Pálmadóttir
 - Lilja Ósk Björnsdóttir
 - Sigurður Óli Guðmundsson
 - Viktoría Gísladóttir

Allir ofangreindir hafa þegar samþykkt að taka þátt í dómara nefnd SSÍ.

Virðingarfyllt,
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir